


Hjallastefnan

Starfsáætlun Eyrarskjóls fyrir skólaárið 2018-2019

Ætlað fræðsluyfirvöldum í Ísafjarðarbæ
og Hjallastefnunni



Leikskólinn Eyrarskjól

Eyrargötu 1

400 Ísafjörður

Sími 456-8285

eyrarskjol@hjalli.is

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Inngangur.....	3
Skóladagatal	4
Hagnýtar upplýsingar um skólann	4
Skólareglur.....	6
Áherslur í foreldrastarfi og innra mat	7
Upplýsingar um stoðþjónustu skólans.....	9
Starfsmarkmið skólans.....	10
Stefna skólans.....	13
Megin markmið og hvernig á að mæla þau	14
Endur og símenntunaráætlun.....	15
Eineltisáætlun	15
Forvarnaráætlun.....	18
Jafnréttisáætlun.....	19
Rýmingaráætlun	21
Neyðar- og björgunaráætlun fyrir leikskólann Eyrarskjól	21
Áfallaáætlun	22
Móttökuáætlun Eyrarskjóls.....	24
Áætlun um hvað skuli gera ef slys verður á skólatíma	27
Lokaorð	28

Inngangur

Starfsáætlun leikskólans Eyrarskjóls sýnir þau verkefni og áætlanir sem verða framkvæmd skólaárið 2018 - 2019. Starfsáætlun þessi byggir á endurmati síðasta skólaárs. Áætlanir eru stöðugt í þróun og vissulega munu koma einhverjar breytingar þegar á reynir.

Starfsáætlun er ætluð foreldrum, fræðsluyfirvöldum og rekstraraðilum til kynningar á skólastarfi fyrir komandi ár. Skýrslan er handbók fyrir starfsmenn leikskólans og ágætis kynningarit fyrir nýja starfsmenn.

Stefnukort leikskólans er sett fram til að sýna á myndrænan hátt stefnu skólans í þjónustu, ferlum, fjármálum og mannauði. Út frá stefnukorti þessu eru sett fram verkefni sem unnin verða skólaárið 2018 – 2019. Starfsáætlun þessi tekur gildi þann 1. september 2018 og er skilað til Hjallastefnunnar ehf. og Skóla og fjölskyldusviðs Ísafjarðarbæjar.

Skóladagatal

Meðfylgjandi er skóladagatal fyrir skólaárið ef það mun taka einhverjum breytingum verða þær uppfærðar jafn óðum á vef útgáfu skóladagatalsins heimsíðu hans eyrarskjol@hjalli.is.

Hagnýtar upplýsingar um skólann

Leikskólinn Eyrarskjól er til húsa að Eyrargötu 1. Skólastjóri á komandi starfsári er Guðríður Guðmundsdóttir. Skólaárið 2017 - 2018 er þrítugsta og þriðja starfsár leikskólans. Aðstoðarleikskólastýra er Ingibjörg Einarsdóttir. Leikskólinn er rekinn af Hjallastefnunni ehf. samkvæmt þjónustusamningi við Ísafjarðarbæ frá 1. ágúst 2014.

Stoðþjónustu Eyrarskjóls og málefni er að henni snýr sér Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar um og er Guðrún Birgisdóttir tengiliður skólan og sér um ráðgjöf er snýr að börnum skólans og foreldrum þeirra.

Eignasjóður Ísafjarðarbæjar á og rekur húseign Eyrarskjóls..

Tölulegar upplýsingar – börn.

Fjöldi barna er áætlaður 64 börn á fjórum kjörnum á aldrinum 12 mánaða til 5 ára. 32 stúlka og 32 drengir. Starfrækt hefur verið 5 ára deild í Ísafjarðarbæ frá janúar 2017 Tangi og við það yngist aldur barna á Eyrarskjóli. Mikið yngri börn verða í skólanum næsta starfsár vegna þessa. Dvalarstundir eru ekki endanlega fastsettar enn sem komið er, flest börnin eru í átta tíma vistun eða meira.

Fjöldi barna sem sérkennslustjóri hefur komið að með einum eða öðrum hætti síðastliði starfsár eru 13 og mun halda áfram vinnu varðandi þessi börn og þau sem bætast við. Á samt þessu mun hann fundi með foreldrum og kennurum auk þess að vera tengill til sálfræðings og talmeinafræðins en alls 8 börn eru á lista talmeinafræðings og hafa notið talþjálfunar. Tilvik hvers barns fyrir sig hafa verið misalvarleg, allt frá smávægilegum framburðarfrávikum til stærra og alvarlegri málþroskafrávika. Fyrirsjáanlegt er að fjöldi barna í talþjálfun voru börn en er ekki ljós á þessari stundu hver fjöldinn verður endanlega þar sem mikið yngri börn verða í skólanum næstkomandi starfsár en algengt er að þegar líður á veturinn muni börn bætast við þegar búið er að taka málþroskaskimanirnar EFI-2. Fyrirsjáanlegt er að 5 börn í leikskólanum eru með málþroskafrávik auk annarra þroskafrávika og munu þau þurfa á handleiðslu

að halda og eitt barn var með 50% stuðning sl starfsár og er þörf fyrir einu stöðugildi eins og stanan er í dag fyrir tvö önnur börn.

Fjöldi barna sem hafa íslensku sem annað eða þriðja tungumál voru 5 sl starfsár en verða 4 eins og staðan er í dag.

Starfsmannamál

Staða starfsmannafjölda leikskólans Eyrarskjóls næsta skólaár verður þannig eins og staðan er í dag 19 talsins 16,25 stöðugildum alls. Staðan í starfsmannahópnum er mjög breytt frá síðasta starfsári þar sem 5 starfsmenn eru í barnsburðarleyfi. Þetta getur þó breyst þegar vistunartími barnanna er endanlega staðfestur. Þörf á stuðningi fyrir börn fyrir utan það sem er til staðar í skólanum er ekki fyrirsjáanleg eins og staðan er í dag. Í dag er eitt barn á biðlista hjá greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Matráður og aðstoðarmatráður starfa við skólann.

Námskeiðsdagar kennara og starfsmenntun

Eyrarskjól hefur verið rekinn af Hjallastefnunni frá 1. ágúst 2014. Starfsfólk Eyrarskjóls er hvatt til að sækja sér menntun og starfsþekkingu. Lotufundir verða fastir liðir á næstkomandi starfsári líkt og hefur verið, *Handbók Hjallastefnunnar og Aðalnámskrá leikskóla* leiðarljós þeirrar vinnu. Leikskóla- og aðstoðarleikskólastýra munu halda utan um þá vinnu.

Leikskólastjóri er vakandi fyrir námskeiðum og fyrirlestrum sem í boði eru hverju sinni og hvetur starfsfólk til endurmenntunar með allri þeirri fjölbreytni sem í boði er. Endurmenntun þarf ekki endilega að vera bundin við skólastofuna né hefðbundin námskeið heldur getur hún átt sér stað í hvaða umhverfi sem er og hefur Ísafjörður margt þar upp á að bjóða sem nýtist til kennslu í leikskóla.

áherslu á eflingu í útikennslu. Lucy er m.a með þriðja stigs réttindi í Forest school fræðum. <http://lucylittleforestschool.com/>

5. október er námsleiðsdagur og kennarar Eyrarskjós á ráðstefnu Hjallastefnunnar í Reykjavík..

Skipulagsdagar verða 7. september. 2 janúar 2019 og 31. maí.

Starfsmannafundir verða 23. nóvember 2018 12:00-16:00. 14. febrúar 2019 8:00-11:30. 5. mars 2018 8- 11:30 og 17. Mars 12:00-16:00 . 2 tímar af starfsmannafundum fara í að gera skólann klárann fyrir og eftir lokun sumarfrís.

Skólareglur

Vinnutími starfsmanna er alltaf skipulagður með tilliti til dvalartíma barnanna. Foreldrar greiða aukagjald ef börnin eru sótt of seint, 250 krónur ef þeir láta vita fyrir fram en 450 krónur ef ekki er látið vita. 1700 krónur greiða foreldrar ef börn eru sótt eftir að skóla er lokið á daginn.

Leikskólinn Eyrarskjól er opinn 5 daga vikunnar frá 7:45 til 16:30. Lokað er á aðfangadag og gamlársdag.

Reglur um veikindi

Veikindi barna skal tilkynnt til skólans og börn eiga að vera heima þar til þau hafa náð sér. Æskilegt er að börn séu heima í allt að tvo daga eftir veikindi og eru ekki fylgja ökkum skólustarfi eftir veikindi úti sem inni nema um langvarandi veikindi sé að ræða. Þurfi börn á lyfjum að halda á leikskólatíma, er það samkomulag milli foreldra og skólans hvernig staðið skal að henni. Hafi börn fæðuþol skal koma þeim boðum til skólans og er brugðist við því eftir óskum foreldra.

Áherslur í foreldrastarfi og innra mat

Foreldrafundir og samstarf.

Kynningafundur á starfi skólans verður 3. október 2018 kl 17:00. Hausti samtöl foreldra 3. Nóvember 2018 og vorsamtöl 30. mars 2019. Skólinn býður upp á túlk fyrir þá foreldra er þess þurfa á fundi sem haldnir eru í skólanum. Kynningafundir fyrir foreldra nýrra barna eru haldnir áður en börn hefja skólagöngu. Í. desember skera börn og foreldrar út laufabrauð saman sem er steikt í húsinu og borðað með jólamatnum og á þorranum. Vorhátíð er haldin í júní og einnig fara foreldrar með börn sín að Botni í Súgandafirði í lambaferð.

Foreldraráð/foreldrafélag

Foreldraráð þriggja foreldra er starfandi við skólann og er hluti af stjórnkerfi leikskólans. Í foreldraráðið er kosið í september ár hvert á opnum foreldrafundi. Foreldraráð fundar að minnsta kosti tvisvar á starfsárinu og gefur umsögn um starfáætlun og skóladagatal svo og skólanámskrá leikskólans.

Í foreldraráði eru Ásta María Sverrisdóttir formaður og meðstjórnendur eru Magni Hreinn Jónsson og Ásgerður Þorleifsdóttir

Reglur foreldraráðs.

- Kjósa skal í foreldraráð í september ár hvert
- Þrír fulltrúar foreldra eru í foreldraráði
- Einn fulltrúi situr áfram í 2 ár
- Foreldraráð fundar 2x á ári með stjórnendum skólans

Foreldrafélag er einnig starfandi í tengslum við skólann og stendur það fyrir margvíslegum uppákomum sem gleðja börnin s.s. vorhátíð, tiltekt á lóð, leikritum og fleira. Í foreldrafélaginu eru fimm foreldrar og skipar félagið þau Kolbrún Fjóla Arnarsdóttir formaður, Edda María Hagalín gjaldkeri, Sigríður Elsa Álfhildardóttir Unnur Björk Arnfjörð og Carolin Ursula Kraus.

Upplýsingar um dagsetningar helstu viðburða í foreldrasamstarfi er að finna í á eyrarskjol@hjalli.is.

Samstarf við fjölskyldur

Leikskólar Hjallastefnunnar setja samstarf við foreldra og fjölskyldur leikskólubarnanna í öndvegi. Leikskólinn Eyrarskjól stendur reglulega fyrir atburðum sem efla samstarf leikskólans og heimilisins auk þess sem óreglulegum uppákomum sem tengja fjölskyldur við leikskólann er fagnað. Á komandi skólaári eru fyrirhugað að halda foreldrafund 3. október 2018, foreldraviðtöl 3. nóvember 2018 og 30. mars 2019.

Innra mat

Hjallastefnan gerir könnun á haustönn meðal starfsmanna og á vorönn meðal foreldra. Skólapúlsinn hefur einnig gert slíka könnun fyrir Ísafjarðarbæ. Þessar kannanir eru hafðar að leiðarljósi til stefnumótunar fyrir komandi skólaár. Þar er metið hvað hefur gengið eftir sem upp var lagt með árið á undan, hvað hefur hugsanlega ekki gengið eftir og hvað má gera betur.

Búið er að gera umbótaáætlun með hliðsjón af starfsmanna og einnig foreldra könnun sem Hjallastefnan gerði og kynna fyrir starfsfólki til að vinna eftir næsta starfsár.

Í október og febrúar ár hvert gera kennarar hvers kjarna mat á starfi kjarnans og nota til þess „Gátlista fyrir valfundi og valsveði. Hluta af innra mati leikskólans“ og fá þá yfirsýn yfir það sem vel hefur tekist til og einnig það sem má betur fara. Gátlistinn var unninn af gæðaþjónustuteymi Hjallastefnunnar veturinn 2015 – 2016 en það skipuðu Lilja Sigurðardóttir, Dagbjört Birgisdóttir, Elísabet Gunnarsdóttir, Helena Ásta Hreiðarsdóttir og Sóley Hulda Þórhallsdóttir.

Allir kennarar Eyrarskjóls fá frammistöðumats og starfsmannasamtal við leikskólastjóra á haustönn og aftur á vormánuðum ef þeir óska þess. Kennarar skólans hafa alltaf aðgang að skólastjóra ef þeir þurfa á að halda. Einnig eru starfsmannakannanir kynntar fyrir starfsmönnum.

Kristín Kristjánsdóttir kom á vegum Hjallastefnunnar og tók innra mat 6. apríl 2018 og sá háttur verður hafður á þetta starfsár.

Sérkennslustjóri tekur Tras af öllum börnum skólans. Tras er skráningarlisti til notkunar fyrir leikskólakennara til að fylgjast með máltöku tveggja til fimm ára barna. Góður málþroski skiptir miklu máli fyrir andlegan þroska barna, félagslega líðan og seinni lestrartileinkun. Með TRAS skráningunni er hægt að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna með fyrirbyggjandi íhlutun í huga. Tras er tekið reglubundið af öllum yngri börnum Eyrarskjóls og sér sérkennslustjóri um það. Hann lætur foreldra og hópstjóra og vita af niðurstöðu þess og er unnið með barninu í samræmi við útkomuna. Komandi starfsár verður haldið áfram á sömu braut.

EFI-2 málþroskaskimun er gerð á öllum börnum á fjórða aldursári með þann tilgang í huga að finna þau börn sem víkja sem mest frá meðalfærni í málskilningi og máltjáningu. Með þetta verkfæri í höndunum gefst okkur tækifæri á því að hefja snemmtæka íhlutun ásamt því að niðurstöður úr þessari skimun nýtast vel í ráðgjöf til foreldra. Það sem EFI-2 er ólíkt TRAS er að kennarinn spyr börnin sjálf út úr en í TRAS eru það kennarnir sem eru með barnið sem meta málþroskann.

Hreyfiþroskapróf er tekið á börnum sem verða fjögurra ára á árinu. Hreyfiþroskaprófið kom til vegna læsisstefnu Ísafjarðarbæjar „*Stillum saman strengi*“. Hreyfiþroskaprófinu er ætlað að finna þau börn sem víkja frá meðalfærni í hreyfiþroska ásamt því að upplýsa foreldra um hreyfiþroska barna sinna og út á hvað hann gengur. Á þessu starfsári er fyrirhugað að leggja einnig fyrir MÍÓ sem er skimun í stærðfræði fyrir börn.

Tilgangurinn með að leggja fyrir MÍÓ ereAð efla þekkingu starfsmanna leikskólans á rökhugsun, talnaskilningi og rýmisvitund barna í þeim tilgangi að bæta námsaðstæður í leikskólanum á þessu sviði. Einnig að skima nemendur með skráningarlista MÍÓ sem þýddir hafa verið úr norsku en þaðan kemur efnið.

<http://skolathraedir.is/2017/10/07/mio-skimun-i-staerdfraedi-fyrir-leikskolaborn/>

Skimunarefninu er ætlað að greina styrkleika og veikleika barna á sviði stærðfræðinnar, mæta þeim þar sem þau standa og finna þau börn sem þurfa frekari athygli og tækifæri til að vinna með þá þætti sem tengjast stærðfræðinámi þeirra.

Hljóm-2 er próf – greiningartæki í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum. Hljóm-2 er eingöngu ætlað til notkunar fyrir leikskólakennara/fagfólk leikskóla sem vinnur með elstu börnum leikskólans. Hljóm nær yfir aldursskiptinguna 4 ára, 9 mán og 16 daga til 6 ára, 1 mán og 15 daga. Þar sem fimm áradeild er rekin á Tanga eru Hljóm- 2 ekki gerð hér í skólanum.

Tove Krogh teiknprófið og stærðfræðikönnun leggur sérkennslustjóri fyrir öll elstu börn Eyrarskjóls á vorönn og gefur prófið vísbendingu um hugtakaskilning, talnagildi, formskyn, fínhyfingar, blýantsgrip, að fara eftir einföldum og síðar nokkuð flóknum fyrirmælum. Niðurstaða Tove Krogh er einnig kynnt fyrir foreldrum og hópstjórum og unnið eftir henni. Þar sem fimm ára deild er rekin á Tanga er Tove Krogh og stærðfræðikönnunin einning gerð á Tanga.

Þegar börn ljúka skólagöngu sinni á Eyrarskjóli eiga þau að þekkja hugtökin og tölunum frá 1 og upp í 20 plús, mínus, algengustu form og minna og meira sé dæmi tekið. Á vorönn 2018 kom þessi aldur afar vel út og stefnum við á sömu braut.

Upplýsingar um stoðþjónustu skólans

Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar

Hlutverk Skóla- og tómstundasviðs Ísafjarðarbæjar er rekstrarlegt og faglegt eftirlit með starfsemi skóla Ísafjarðarbæjar. Í því felst m.a. að veita grunnskólum og leikskólum sérfræðiaðstoð og ráðgjöf. Skólaskrifstofan veitir eftirfarandi sérfræðiþjónustu: Einstaklingsþjónusta - greining og úrræði. t.d. sálfræðileg og Hjallastefnan ehf. – Starfsáætlun

kennslufræðileg greining námsvandamála og greining samskipta og hegðunarvandamála. Starfsmenn Skóla- og tómsundarsviðs eru Margrét Halldórsdóttir sviðstjóri og Guðrún Birgisdóttir skóla og sérkennslufulltrúi. Viðtalstími er á opnunartíma skrifstofu nema annað sé tekið fram. Símanúmer er 450-8000 netfang gudrunbi@isafjordur.is

Ráðgjöf til foreldra

Foreldrar og forráðamenn geta leitað til skólustjóra, hópstjóra og/eða sérkennslustjóra leikskólans með öll mál er upp koma tengd leikskólagöngu barns síns, hvort sem um er að ræða hegðun, áhyggjur af málproska eða líðan barnsins.

Stjórnskipulag skólamála

Fræðslunefnd er skipuð 5 fulltrúum sem eru pólitískt kjörnir af bæjarstjórn. Fulltrúar kennara, skólustjóra og foreldra í Ísafjarðarbæ eiga rétt til setu á fundum fræðslunefndar með málfrelsi og tillögurétt. Hlutverk nefndarinnar er að marka stefnu sveitarfélagsins í skólamálum, fylgjast með og stuðla að því að skólum sé tryggður aðgangur að sérfræðipjónustu, aðbúnaður sé fullnægjandi og að unnið sé skv. lögum

Starfsmarkmið skólans.

Faglegar áherslur/stefna leikskólans

Starfsmarkmið Eyrarskjóls er að búa nemendum og kennurum upp á öruggt og þroskandi umhverfi sem býður upp á fjölbreytni í leik og starfi. Leikskólinn Eyrarskjól starfar eftir hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Hugmyndafræðin byggir í stórum dráttum á hugsjónum um jafnrétti og velferð og henni er lýst í skólanámskrá leikskólans, í bókinni „Æfingin skapar meistarann“ eftir Margréti Pálu Ólafsdóttur höfund Hjallastefnunnar, í ýmsum ritum útgefnum af Hjallastefnunni ehf. og á fræðsluvef. *Hjallastefnan handbók leikskóla* eftir Margréti Pálu Ólafsdóttur sem kom út endurbætt 2014 er leiðarvísir af öllu starfi skólans.

Leikskólinn Eyrarskjól starfar á grundvelli skólafundar Ísafjarðarbæjar http://www.isafjordur.is/utgefing_efni/stefnur/skra/629/ og *Aðalnámskrá leikskóla* frá árinu 2011 og er útfærslum á markmiðum hennar lýst í skólanámskrá leikskólans.

Leikskólinn Eyrarskjól hefur unnið markvisst að eflingu læsis og stærðfræði undanfarin ár og með tilkomu verkefnisins „*Stillum saman strengi*“ hefur áhersla orðið meiri á læsi og stærðfræði frá tveggja ára aldri eða frá því barnið byrjar í leikskóla

Stillum saman strengi er umfangsmikið þróunarverkefni, í því felst meðal annars að við leggjum fyrir fleiri skimanapróf en áður og vinnum markvisst með niðurstöðurnar.

Við kennslu á læsi er stuðst við:

- *Markviss málörvun, þjálfun hljóðkerfisvitundar* höfundar Helga Friðfinnsdóttir, Sigrún Löve og Þorbjörg Þóroddsdóttir.
- *Lubbi finnur málbein* höfundar Þóra Másdóttir og Eyrún Ísfold Gísladóttir. Höfundar eru talmeinafræðingar og hafa áralanga reynslu af talþjálfun barna og er bókin hugsuð til málörvunar og hljóðanáms fyrir börn á aldrinum tveggja til sjö ára.
- *Lærum og leikum með hljóðin* undirbúningur fyrir hljóðmyndun og tal, framburðarbók með æfingum og myndaspjöldum. Höfundur Bryndís Guðmundsdóttir talmeinafræðingur. Á komandi starfsári mun Eyrarskjól taka þátt í fyrirhuguðum þróunar- og rannsóknarverkefnum með smáforritin *Lærum og leikum með hljóðin* og *Froskaleikina 1 og 2* til undirbúnings réttum framburði og læsi.
- *Tölum saman* málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskafrávik og tvítyngd börn höfundar Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bjartey Sigurðardóttir og Ingibjörg Eldon Logadóttir.
- *Orðagull* málörvunarefni sem styrkir vinnsluminni, heyrnræna úrvinnslu, orðaforða og endursögn. Markmið með verkefnunum er að þjálfar nemendur í að:
 - Hlusta á heyrnræn fyrirmæli og vinna úr þeim.
 - Skilja og muna það sem sagt er.
 - Auka orðaforða.
 - Halda fyrirmælum í vinnsluminni á meðan á framkvæmd stendur.
 - Kalla úr minni og endursegja.

Höfundar af *Orðagulli* eru: Bjartey Sigurðardóttir, talmeinafræðingur og sérkennari, Ásthildur Bj. Snorradóttir, talmeinafræðingur.

Félagsfærni og vinátta er samofin allri kennslu og starfi Eyrarskjóls með ríkri áherslu á félagsþjálfun og samkennd milli nemenda. Lykil hugtök kennslunnar eru; félagsskapur, nálægð, kærleikur og sjálfstraust.

Við lestur er vel til vandað þegar bækur eru valdar og mikilvægt er að innihald þeirra falli vel að hugmyndafræði Hjallastefnunnar einkunn hvað varðar jafnréttishugsjónina. Einnig er unnið daglega með tölur og form.

Jóga námskeið á vegum Gunnhildar Gestsdóttur jógakennara verða áfram með elstu árgöngum skólans 10 tímar fyrir áramót 10 eftir áramót. Einnig verður enskukennsla, en hún byggir á léttum setningum og söngvum með enskum textum.

Áhersla er lögð á að leggja inn undirstöðu þekkingar á stærðfræði á Eyrarskjóli. Numicom kubbar eru á öllum kjörnum og kennslufni með tölustöfum og formum, bæði spil og efni sem hannað hefur verið á Eyrarskjóli til kennslu í stærðfræði.

Auk Hjallastefnunnar og lögbundinna áherslupátta í *Aðalnámskrá leikskóla* á leikskólinn Eyrarskjól sér sínar sérstöku áherslur: Börnin þekki sitt nánasta umhverfi, kynnist menningararfi sínum og uppruna. Eyrarskjól hefur unnið til margra ára við flokkun á öllum sorpi er til fellur í skólanum, minnkað plast poka notkun og nýtum allt sem til fellur af opnum efnivið í starfi með börnunum.

Nánari útfærslu á fagstarfi, hugmyndafræði, markmiðum og leiðum má sjá í skólanámskrá Eyrarskjóls sem hefur verið endurskoðuð, aðlöguð að *Aðalnámskrá leikskóla* frá 2011 og yfirlesin af fræðslunefnd Ísafjarðarbæjar.

Mat og umbætur

Leikskólinn Eyrarskjól stendur á hverju ári fyrir umfangsmiklu innra mati sem að nokkru er hluti af reglubundnu innra eftirliti Hjallastefnunnar ehf. s.s. spurningakönnun fyrir foreldra, spurningakönnun fyrir starfsfólk, athugun á lögbundnum gögnum skólans og rekstrarskoðun útisvæðis, en að nokkru er innra matið einungis á vegum leikskólans og er notað innan veggja hans, s.s. gátlistar fyrir foreldraviðtöl, skráning á vali og úrvinnsla úr hópatímaskráningu. Á grundvelli

niðurstaðna úr innra mati hvers skólaárs vinnur leikskólinn umbótaáætlun. Ítarlega útlitun á innra mati leikskólans og umbótaáætlun má finna í skýrslu hans um innra mat.

Ytra mat á skólstarfinu er í höndum sveitarfélags og Menningar- og menntamálaráðuneytis. Sveitarfélagið gerir á ári hverju könnun meðal foreldra á gæðum þeirrar þjónustu sem leikskólinn veitir. Skóla og fjölskyldusvið Ísafjarðarbæjar lét gera starfsmanna og foreldrakönnunum sem Skólapúlsinn sá um að framkvæma. Þetta starfsár voru þessar kannanir ekki gerðar. Heilbrigðisyfirvöld kanna aðstæður í leikskólanum reglulega og útisvæðið er aðalskoðað af faggildum aðila árlega.

Á Eyrarskjóli er lögð áhersla á heilsueflandi umhverfi. Heilsueflandi leikskólar leggja sérstaka áherslu á að vinna með átta lykilþætti í gegnum náskrá skólans og Hjallastefnuna. Hjallastefnan vinnur að því að fá þessa vottun í umhverfi og öllu sínu starfi og mun skólinn hafa það að leiðarljósi næstkomandi starfsár.

Þessir þættir eru: hreyfing, mataræði, geðrækt, öryggi, tannheilsa, fjölskylda, nærsamfélag og starfsfólk.

Samstarf við grenndarsamfélag

Leikskólinn Eyrarskjól leggur sig fram um góð samskipti við grenndarsamfélagið. Farið er í heimsóknir á stofnanir bæjarins, kynnt fyrir umhverfi sínu, söfn heimsótt og reglulega er farið á sjúkrahúsið hjúkrunarheimilið og sungið.

Stefna skólans

Í starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar segir að starfsmenn skuli eiga kost á fræðslu og endurmenntun sem eykur þekkingu þeirra í starfi og að þeir skuli hvattir til að efla fagþekkingu sína í samræmi við sí- breytilegar kröfur sem gerðar eru til vinnustaða sveitarfélagsins. Í kjarasamningum er kveðið á um að starfsmenn skuli eiga kost á að sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið. Stefnt skuli að því að gera símenntunáætlanir fyrir allar stofnanir/starfseiningar. Markmið þeirra verði að samræma áhuga starfsmanna fyrir símenntun og heildarmarkmiðum stofnana/starfseininga.

starfsfólkinu sem upplýsir t.d. um alvarleg mál er lítur að þroska barna og leiðir okkur í átt að því að verða betur upplýst um sem flesta þætti. Startfsárið 2017 – 2018 Á Eyrarskjóli er starfsfólk hvatt til þess að sækja námskeið og efla þekkingu sína.

- Á Eyrarskjóli er starfsfólk hvatt til þess að lesa greinar og kynna sér nýjungar.
- Á Eyrarskjóli eru starfsdagar og starfsfundir nýttir til þess að auka við þekkingu, miðla og samræma uppeldisaðferðir.

Meginreglur Hjallastefnunnar

Meginreglurnar eru grundvöllurinn að öllu starfi Eyrarskjóls og Hjallastefnuskóla. Þær eru í reynd bæði stefnuyfirlýsing og hugmyndafræði skólanna og fela í sér þá lífssýn og mannskilning sem allt starfsfólk sameinast um. Meginreglurnar eru í skýrri forgangsröð þar sem fyrstu reglurnar hafa skýran forgang og hver regla byggir á þeirri sem á undan kemur. Jafnframt er fyrsta reglan innsti kjarni starfsins og koll af kolli umlykur hver regla þá næstu á undan.

Fyrsta meginregla; Börn og foreldrar: Hjallastefnunni er ætlað að mæta hverju barni eins og það er og virða og viðurkenna ólíkar þarfir aldurshópa, kynja og einstaklinga óháð uppruna og menningu. Skólanum ber einnig að virða valfrelsi og ólíkan áhuga barna og hlúa á víðfeðman hátt að velgengni allra.

Önnur meginregla; Starfsfólk: Hjallastefnunni er ætlað að stuðla að því að jákvæðni, gleði og kærleikur séu ráðandi öfl í samskiptum starfsfólks svo og í öllum samskiptum við **börn og foreldra og aðra sem koma að málum skólans.**

Þriðja meginregla; Umhverfi: Hjallastefnunni er ætlað að skapa samfélag innan hvers skóla þar sem jafnvægi, einfaldleiki og gagnsæi er ráðandi í dagskrá, umhverfi og búnaði og reglur eru sýnilegar og áþreifanlegar. Þannig gefst börnum skiljanlegt og viðráðanlegt umhverfi miðað við aldur þeirra, þroska og getu.

Fjórtða meginregla; Efniviður: Hjallastefnunni er ætlað að bjóða upp á leikefnivið og einföld námsgögn þar sem sköpun og ímyndun er í fyrirrúmi í fjölbreyttri reynslu hvers barns. Þannig skapar sjálfbjarga fólk eigið nám og leikheim með eigin lausnum og raunveruleikatengd verkefni eru í fyrirrúmi.

Fimmta meginregla; Náttúra: Hjallastefnunni er ætlað að kenna börnum að skynja og njóta náttúrulegs umhverfis og virða náttúruna með nýtni, nægjusemi og hófsemi svo og með umhirðu og endurvinnslu.

Sjötta meginregla; Samfélag: Hjallastefnunni er ætlað að þjálfa aga og hegðun á jákvæðan og hlýlegan en um leið ákveðinn og hreinskiptinn hátt. Með nákvæmni og

festu verður taminn vilji leiðin til öryggis og frelsis fyrir alla í rósemd og friði innan skólasamfélagsins og síðar til ábyrgrar þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi.

Megin markmið og hvernig á að mæla þau

Hjallastefnan gerir foreldrakönnun ár hvert í skólanum, í ár var einnig gerð samskonar könnun er að jafnaði á vegum Skólapúlsins fyrir Ísafjarðarbæ. Foreldrafundur er að hausti og foreldraviðtöl í október og mars. Starfsmannasamtöl eru í mars, þar sem starfsmönnum gefst færi á að ræða frammistöðu sína í starfi og starfsþróun.

Yfirlitsblað fyrir hópatíma er í fataklefa á hverjum kjarna þar sem hver hópstjóri skráir hvað gert er hvern dag og foreldrar hafa aðgang að. Hópstjórar gera samantekt reglulega á þessum gögnum til að ganga úr skugga um að verið sé að vinna eftir skólanámskrá og lögbundnum gögnum.

Efi- 2 málþroskapróf fyrir fjórða ári. Tras skráningarform á málhegðun og málþróun hjá börnum á ákveðnum aldri. Stærðfræðikönnun og teikniþróf, Tove Krogh lagt fyrir af sérkennslustjóra. Hreyfiþroskapróf er einnig tekið af öllum börnum á fjórða ári.

Umbótaáætlanir eru unnar upp úr foreldra- og starfsmannakönnunum til að meta hvað tókst vel til og hvað má betur fara.

Endur og símenntunaráætlun

Hjallastefnan stendur fyrir öflugum samstarfi allra Hjallastefnuskóla um starfsþróun og símenntun starfsfólks en að auki gefst starfsfólki kostur á að sækja sér menntun og starfsþekkingu úr öðrum áttum og hvetur leikskólinn Eyrarskjól starfsfólk sitt eindregið til þess.

Um starfsþróun og símenntun má nánar lesa í símenntunaráætlun leikskólans. 2 starfsmenn Eyrarskjóls verða í námi næsta skóla ár 2018 - 2019 við HÍ.

Eineltisáætlun

Einelti er ekki liðið í leikskólum Ísafjarðarbæjar.

Markmið eineltisáætlunar leikskóla Ísafjarðarbæjar er að skapa starfsmönnum öruggt og gott starfsumhverfi. Allir starfsmenn eiga rétt á því að komið sé fram við þá af virðingu og að þeir sæti ekki kynferðislegri áreitni, einelti eða öðru ofbeldi. Vinnuveitanda ber að tryggja starfsmönnum sínum gott starfsumhverfi og er félagslegt umhverfi hvergi undanskilið. Bregðist vinnuveitandi ekki við með tilhlýðilegum hætti getur starfsmaður sem verður fyrir einelti átt bótarétt gagnvart vinnuveitanda sínum og gerandanum. Eineltisáætlun leikskólans er að finna í öryggismöppu leikskólans.

Starfsmönnum leikskólans ber að koma í veg fyrir að þær aðstæður skapist að einelti geti átt sér stað og vinna gegn því.

Hvað er einelti:

- Það telst einelti þegar um ítrekað ofbeldi er að ræða gagnvart einstakling eða hóp og getur það bæði verið líkamlegt og andlegt.
- Einelti er ofbeldi og félagsleg útskúfun sem hefur alvarlegar afleiðingar fyrir þolandann.
- Gerendur og þolendur í einelti geta verið einn eða fleiri.
- Markmið með eineltisáætluninni er að gera starfsmenn leikskóla meðvitaðri um einelti í allri sinni mynd þannig að þeir þekki einkennin og geti brugðist við þeim.
- Einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkja.

Til að sporna við einelti er mikilvægt að:

- vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og að setja sig í spor annarra.
- styrkja einstaklinginn og byggja hann upp fyrir framtíðina
- skoða aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis. Mikilvægt er að allir starfsmenn leggi sömu merkingu í orðið einelti.

Allir eiga það á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem þolendur, gerendur eða áhorfendur.

Verði starfsmaður vitni að einelti ber honum að bregðast við því, með því að veita allar þær upplýsingar sem fyrir hendi eru til rétttra aðila svo hægt sé að taka sem fyrst á málinu. Starfsmenn eru allir ábyrgir varðandi greiningu og lausn eineltismála. Leikskólastjóri er alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi einelti.

Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra.

Viðbragðsáætlun vegna eineltis:

Starfsmaður sem verður fyrir einelti eða kynferðislegri áreitni skál snúa sér hið fyrsta til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið. Aðilar sem einnig er hægt að snúa sér til:

- Leikskólastjóri
- Trúnaðarmaður- og öryggisvörður leikskólans
- Leikskólafulltrúi Ísafjarðarbæjar
- Skóla- og tómstundasvið Ísafjarðarbæjar og mannauðstjóri Hjallastefnunnar Auðunn Gunnar Eiríksson.

Sá aðili sem samband er haft við ákvarðar síðan í samráði við þolandann hvert framhaldið verður. Hægt er að velja á milli óformlegrar eða formlegrar málsmeðferðar.

Óformleg málsmeðferð:

Slík málsmeðferð felur í sér að leitað er upplýsinga hjá þolanda og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf. Aðrir innan vinnustaðarins eru ekki upplýstir um málið.

Formleg málsmeðferð:

Gerð er hlutlaus athugun á málsatvikum. Rætt er við þolanda, geranda og aðra um tímasetningar og fá fram gögn ef einhver eru, s.s. tölvupósta, sms-skilaboð eða annað. Fundin verður lausn sem m.a. getur falist í breytingum á vinnustaðnum, vinnubrögðum eða vinnuskipulagi. Gerandi mun fá leiðsögn og aðvörun, hann gæti líka verið færður til í starfi.

Málinu verður fylgt eftir og rætt við aðila þess að ákveðnum tíma liðnum. Fylgst verður með samskiptum aðila málsins.

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með starfsmönnum:

- Einn starfsmannafundur á ári tileinkaður samskiptum / einelti þar sem samskiptastefna og eineltisáætlun er yfirfarin og endurskoðuð.
- Markviss fræðsla um einelti og samskipti t.d. í símenntunaráætlun.
- Umræður og fræðsla um samskipti þurfa að vera stöðugt í brennidepli.
- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru “gráu svæðin”?

- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.

Börn þurfa að fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og fá viðurkenningu frá hinum fullorðna um að það sé eðlilegt að ræða þær.

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með börnum:

- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru “gráu svæðin”?
- Kanna líðan barnanna
- Skoða félagsleg tengsl í barnahópnum. Eiga öll börn vini í leikskólanum ?
- Styrkja sjálfsmynd barnanna, æfa þau í samskiptum, að tjá tilfinningar sínar og að setja sig í spor annarra.
- Börnin eru þátttakendur í að búa til samskiptareglur og skilgreina hvað þær þýða, hlutverk þeirra og gildi.
- Lífsleikninám – þar sem að unnið er með lífsgildi, dyggðir og samlíðun.
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.

Forvarnaráætlun

Forvarnir eru í eðli sínu víðtækar og ná til flestra þátta í daglegu lífi okkar. Forvarnir eiga að spanna allt lífsskeið fólks og hafa velferð og farsæld íbúana að leiðarljósi. Jafnrétti og fordómaleysi þarf að einkenna forvarnir. Sýnt hefur verið fram á margvíslegan ávinning útivistar, íþróttar og tómstunda með tilliti til lýðheilsu. Tryggja þarf að allir geti notið þess að ástunda heilbriggt lífni án tillits til efnahags, fötlunar, aldurs eða kynferðis. Leggja þarf áherslu á fræðslu um vímuvarnir og að upplýsingar um úrræði séu aðgengilegar. Þjóða þarf foreldrum upp á fræðslu og stuðning þannig að þeir eflist í uppeldishlutverkinu. Foreldrar eru og verða sterkustu fyrirmyndirnar. Þeir þurfa að setja börnum skýran ramma og fara eftir lögum og reglum. Þá þurfa foreldrar og allir þeir sem koma að uppeldi barna að vera í góðri samvinnu.

Fyrirmyndir finnast einnig í samfélaginu, utan heimilis. Samfélagið þarf að vera meðvitað um ábyrgð sína, að við gerum öll gagn í forvörnum. Þeir sem eldri eru þurfa að vera þeim yngri fyrirmyndir í einu og öllu og senda skýr skilaboð. Við berum öll ábyrgð.

Sett hafa verið fimm meginmarkmið forvarna í Ísafjarðarbæ sem endurskoðuð verða á tveggja ára fresti. Sveitarfélagið setur svo mælanleg starfsmarkmið fyrir hvert ár og verða þau endurskoðuð árlega. Þar mun koma fram hver ber ábyrgð og hvernig árangur skuli mældur. Í febrúar ár hvert skal félagsmálanefnd staðfesta starfsmarkmið komandi árs og fá niðurstöður mælinga fyrra árs um hvernig til tókst með starfsmarkmið þess.

Markmið:

- ✓ Tóbaks-, áfengis- og vímuefnalaus æska í Ísafjarðarbæ.
- ✓ Gott andlegt og líkamlegt heilsufar íbúa.
- ✓ Bæta sjálfmynd
- ✓ Bæta heilsufar
- ✓ Stuðla að kynheilbrigði
- ✓ Fræðsla fyrir alla aldurshópa um forvarnir.
- ✓ Efla fræðslu um vímuvarnir
- ✓ Efla foreldrafræðslu
- ✓ Efla fræðslu til starfsmanna sem vinna með börnum og ungmennum
- ✓ Efla fræðslu um bættu líðan og aukið heilbrigði
- ✓ Efla fræðslu um umhverfismál
- ✓ Efla kynfræðslu
- ✓ Viðhalda fjölbreyttum tómstundaúrræðum fyrir íbúa sveitarfélagsins.
- ✓ Með áherslu á börn og ungmenni
- ✓ Auka samvinnu meðal íbúa og stofnana sveitarfélagsins.
- ✓ Kynna vel lög um útivistartíma

http://www.isafjordur.is/utgefid_efni/stefnur/skra/626/

Jafnréttisáætlun

Við stefnumótun og áætlanagerð í skóla- og uppeldisstarfi skal samþætting kynjasjónarmiða höfð að leiðarljósi með vísan til 23. gr. í jafnréttislögum. Ekki skal á nokkurn hátt mismuna börnum og ungmennum eftir kyni þegar kemur að menntun og íþróttá- og tómstundastarfi.

Markmið:

Að stuðla að jafnrétti á sem viðtækustum grunni í leikskólum Ísafjarðarbæjar. Jafnréttisstefna nær til námskrár leikskóla Hjallastefnunnar, starfsmannastefnu og samvinnu við foreldra.

Jafnréttisstefnan á við um börn, foreldra og starfsfólk.

Gengið er út frá eftirfarandi grundvallaratriðum:

- Samstaða og jákvæð samskipti/samvinna kynja er leið til jafnréttis
- Allir eiga sama rétt og hafa sömu skyldur
-

Börn og nám þeirra:

Í leikskólum Hjallastefnunnar:

- Skal mæta þörfum sérhvers barns óháð kyni. Tryggja ber að drengir og stúlkur hafi sama rétt, fái sama viðmót og njóti sömu hvatningar og örvunar til að taka þátt í öllum þeim viðfangsefnum sem leikskólinn býður upp á
- Skal stuðla að vináttu, samleik og jákvæðum samskiptum stúlkna og drengja
- Skal stuðlað að því viðhorfi að eðlilegt sé að bæði drengir og stúlkur leiki sér með allt leikefni og taki þátt í öllum leikjum
- Skal unnið gegn þeirri tilhneigingu að skipta veröldinni upp í drengi/karla og stúlkur/konur
- Skal leitast við að tryggja að börnin upplifi að bæði karlar og konur starfi í leikskólum og að bæði kyn vinni þar hin ýmsu verk
- Varast ber að nota hugtök sem upphefja eða niðurlægja annað kynið.
- Skal stuðlað að því að börn upplifi það eðlilegt að bæði kyn vinni hin ýmsu störf í samfélaginu og innan heimilanna
- Skal þess gætt að ýta ekki undir staðalímyndir og að jafnvægi sé á milli þeirra kynjafyrirmynda og hugmynda sem birtast í textum og bókum
- Skal leitast við að hafa sem jafnasta kynjaskiptingu á deildum

Í leikskólum Hjallastefnunnar:

- Skal gæta þess að beina samskiptum að og orðum til bæði feðra og mæðra, hvort sem þau eru í sambúð eða ekki.
- Skulu feður og mæður hvött til að taka þátt í foreldrasamstarfi.

Starfsmenn Í leikskólum Hjallastefnunnar:

- Skal stuðlað að því að þar starfi karlar jafnt og konur og að verkaskipting sé ekki kynbundin.
- Skulu auglýsingar eftir starfsfólki vera ókynbundnar.
- Eru karlar í minnihluta og skulu þeir því ganga fyrir um ráðningar í störf séu umsækjendur jafnhæfir.
- Er ætlast til þess að feður jafnt og mæður taki á sig fjarveru frá vinnu vegna eigin barna.
- Skal vera á verði gagnvart því sem starfsmaður, karl eða kona getur skynjað sem kynferðislegt áreiti.
- Skal temja sér orðfæri sem höfðar jafnt til beggja kynja.
- Skal stuðlað að umræðum um jafnréttismál og unnið gegn því að litið sé á störf í leikskólunum sem kvennastörf.

Rýmingaráætlun

Komi til hættuástands vegna bruna í leikskólanum Eyrarskjóli ber starfsfólki að fræmkvæma eftirfarandi

- Látta vita strax um ástandið.
 - Ef eldur brýst út skal nærstaddur strax reyna að ná niðurlögum hans með brunar- varnar búnaði skólans.
 - Bjargið börnunum úr með skipulögðum hætti. Hver kennari annast björgun á sínu svæði.
 - Þurfi að fara í gegnum hita og reyk ber að fara með gólfum, þ.e. skriða.
 - Kennarar og börn hittast á fyrirfram ákveðnu svæði þegar út er komið, á hólnum á lóð leikskólans eða við Eyrargötu 6.
 - Sum börn forðast hættuástand með því að fela sig. Þess vegna þarf að leita gaumgæfilega að þeim á öllum hugsanlegum stöðum.
 - Tilkynna til slökkviliðsins um brunann í síma **112** Leikskólastjóri sér um það eða staðgengill hans.
- Ef einhvern starfsmann vantar og fylgja þarf þessari áætlun eftir, gengur næstráðandi í hennar/ hans stað.

Neyðar- og björgunaráætlun fyrir leikskólann Eyrarskjól

Starfsheiti:	Eldur	Þegar komið er út á lóð
Leikskólastjóri:	Tilkynnir um eld (112) metur aðstæður og hvort hægt sé að slökkva eldinn með búnaði skólans. Stjórnar rýmingu húss.	Athugar hvort allir séu komnir út. Gefur frekari fyrirmæli.
Deildarstjóri:	Sækir kladdann og fer með sinn barnahóp út um næstu dyr.	Börnin safnast saman á hólnum á lóðinni eða Eyrargötu 6. Merkir við börnin í kladdanum og lætur vita ef einhverv vantar.
Kennarar:	Fara með sinn hóp út um næsta neyðarútgang	Börnin safnast saman á hólnum á lóðinni eða Eyrargötu 6 og bíða annarra fyrirmæla.
Matráður:	Boðberi, mætir á skrifstofu leikskólastjóra. Aðstoðar við rýmingu Bláa- kjarna	Bíður annarra fyrirmæla.
Aðstoðarmaður í eldhúsi:	Boðberi, mætir á skrifstofu leikskólastjóra. Aðstoðar við rýmingu Rauða- kjarna	Bíður annarra fyrirmæla.
Sérkennslustjóri:	Aðstoðar við rýmingu á Gula og Græna- kjarna	Bíður annarra fyrirmæla.
Afleysing:	Aðstoðar við rýmingu á þeim kjarna sem hún er á hverju sinni.	Bíður annarra fyrirmæla.
Slökkvilið 112	Lögreglan 112	Sjúkrahús

Áfallaáætlun

Í hverjum skóla skal vera áfallateymi. Leikskólastjóri ber ábyrgð á skipun þess og er tengiliður við utanaðkomandi aðila.

Það er ákvörðun teymis að meta þörf þess að kalla til utanaðkomandi aðila og þá einnig hverja á að kalla til.

Andlegum áföllum barns og starfsfólks ber að sinna eins og best verður á kosið hverju sinni. Leikskólinn er samfélag þeirra sem þar starfa, nemenda og starfsmanna. Ef hringt er til skólans einn daginn og tilkynnt um alvarleg veikindi, slys eða dauðsfall nemenda, starfsmanns eða einhvers náins aðstandenda nemanda/starfsmanns þarf leikskólinn að vera við því búinn.

Mikilvægt er að aðstandendur tilkynni öll áföll sem fyrst til kennara, skólastjóra eða annarra í áfallateymi. Sá sem fær upplýsingarnar fyrst kemur þeim til skólastjóra. Hlutverk áfallateymis er að hafa verkstjórn við válega atburði, útbúa vinnuáætlanir um hlutverkaskipan hverju sinni, í hvaða röð og hvernig bregðast skuli við í hverju tilviki. Markmið :

Að styrkja starfsmenn svo þeir geti brugðist rétt við áföllum sem upp geta komið innan leikskólans.

- Að koma í veg fyrir óöryggi og ráðaleysi starfsmanna.
- Að hjálpa hvert öðru að takast á við sorg og áföll sem gerast innan leikskólans eða hafa áhrif inn í leikskólann.
- Að efla þekkingu starfsmanna á sorg og áföllum.

Áætlun :

- Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri og deildarstjórar mynda áfallateymi sem er ábyrgt fyrir viðbrögðum þegar á reynir.
- Ef starfsmaður fær vitneskju um dauðsfall eða áfall sem tengist leikskólanum skal hann strax láta leikskólastjóra eða aðstoðarleikskólastjóra vita og sjá þeir um að kalla saman áfallateymi og stjórna aðgerðum.
- Ef dauðsfall ber að utan opnunartíma leikskólans skulu stjórnendur þ.e. leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri koma saman og skipta með sér verkum , hringja í starfsfólk og ákveða hvað gert verði að leikskólans hálfu.

- Ef dauðsfall eða áfall á sér stað á opnunartíma þarf að grípa strax til viðeigandi ráðstafana og síðan kemur áfallateymi saman og leggur á ráðin um aðgerðir.

Viðbrögðum má skipta í tvennt: Annars vegar fyrstu viðbrögð og hins vegar eftirfylgd með barninu/starfsmanni og er því stjórnað af áfallateymi.

Fyrstu viðbrögð er að sýna samúð og skilning og hafa kyrrðarstund með börnum og starfsfólki. Mikilvægt er að starfsmenn þekki viðbrögð barna við áföllum og viti hvernig eigi að veita áfallahjálp. Mikilvægt er að starfsmenn fái fræðslu um sorg og sorgarviðbrögð.

Mikilvægt er að huga að óskum þeirra fjölskylda sem hlut eiga að máli hverju sinni.

Áfallateymið skal sjá til þess að allt starfsfólk fái kynningu á því hvernig bregðast skuli við áföllum. Það skal jafnframt sjá til að allt starfsfólkið fái stuðning og aðstoð.

Móttökuáætlun Eyrarskjóls

Þegar leikskólaganga barna hefst er mikilvægt að strax myndist góð tengsl á milli leikskóla og heimilis. Gagnkvæm virðing milli foreldra og leikskóla er grundvöllur þess að barninu líði vel og að það fái notið sín.

Leikskólinn þarf að fá góðar upplýsingar um barnið og heimilisaðstæður þess og ekki er síður mikilvægt að leikskólinn veiti foreldrum greinargóðar upplýsingar um skólastarfíð.

Það er stórt skref fyrir öll börn að byrja í leikskóla. Sú reynsla getur reynst þeim börnum erfið sem ekki eiga íslensku að móðurmáli. Leikskólinn útbýr litla bók/möppu með myndum af leikskólanum, deild barnsins og kennurum og afhendir foreldrum í fyrsta viðtali. Barnið getur notað tímann fram að aðlögun til að skoða myndirnar og ræða við foreldra sína um leikskólann.

Á meðan á aðlögun stendur þarf að hvetja erlenda foreldra til að tala móðurmál sitt við barnið. Móðurmálið er mikilvægur grunnur fyrir önnur mál og kunnátta í því veitir barninu öryggi. Eins þurfa börn og foreldrar líka tækifæri til að ræða saman á móðurmáli sínu um hluti í leikskólaumhverfinu og það kemur í veg fyrir að bil myndist milli heimilis og þess sem barnið upplifir í leikskólanum.

Foreldrar eru boðaðir í viðtal í leikskólann þar sem skipst er á upplýsingum og gengið frá dvalarsamningi. Aðlögun barns að leikskóla er einnig tími aðlögunar foreldra að leikskólastarfinu og er mikilvægt að foreldrar fái sem fyllstu mynd af starfi leikskólans, kynnist starfsfólki, skipulagi og húsakynnum og síðast en ekki síst öðrum foreldrum í sömu sporum.

Ef í ljós kemur að þörf er á túlk á leikskólinn að hafa frumkvæði að því að bjóða hann, eða ákveða í samráði við foreldra hvernig þeim málum verður háttað. Tvítýngdir kennarar, eða annað starfsfólk leikskólans geta túlkað fyrir foreldra þegar sá möguleiki er fyrir hendi. Einn kostur er að bjóða foreldrum að koma með vin eða einhvern úr fjölskyldunni til að túlka ef foreldrar óska þess. Aldrei skal láta börn túlka viðtöl fyrir foreldra sína. Ávallt skal velja túlk í samráði við foreldra til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra. Ekki er sjálfgefið að foreldrar vilji ræða málefni sín og barna sinna við hvern sem er.

Deildarstjóri eða hópstjóri barnsins er í fyrsta viðtali við foreldra ásamt leikskólastjóranum. Hún hefur það að markmiði að koma á eins góðum tengslum við foreldra og hægt er áður en barnið byrjar í aðlögun. Gott er að barnið sé búið að hitta deildarstjóran/hópstjóran áður en aðlögun hefst. Hún tekur á móti foreldrum og barni í aðlögun og fylgir þeim eftir fyrstu vikuna og er tengiliður barns og foreldra við aðra í kennarahópnum og hefur það hlutverk að kynna deildina, starfsfólk leikskólans og leikskólann á markvissan hátt fyrir barninu og foreldrum þess í samvinnu við leikskólastjóra og deildarstjóra.

Miklu máli skiptir að foreldraviðtölin séu vel undirbúin og að kennarar hafi þekkingu á spurningunum og tilgangi viðtalsins. Starfsfólk í hverjum leikskóla þarf að ákveða hvers konar upplýsingar þurfi að koma fram í fyrsta viðtali og útbýr það sitt eyðublað í samræmi við það. Enda þótt gott sé að fá góðar upplýsingar um barnið í upphafi leikskólagöngu má viðtalið ekki bera keim af yfirheyrslu. Jafnframt er mikilvægt að foreldrar fái góðar upplýsingar um það sem gert er í leikskólanum, því betri upplýsingamiðlun því meiri líkur eru á að þeir öðlist góðan skilning á leikskólastarfinu. Gott er fyrir leikskólastarfsfólk að vita hvernig málumhverfi barnsins er og hvernig hægt sé að mæta þörfum þess á réttan hátt.

Mikilvægt er að hver skóli útbúi slíkt upplýsingablað fyrir sig þar sem kemur fram hvaða upplýsingar er gott að fá til þess að auðvelda barninu byrjunina í skólanum

og hvaða upplýsingar er mikilvægt að veita foreldrum. Hafið í huga að myndrænar upplýsingar um starfsemi skólans, námskrármarkmið, dagskipulag, svæði skólans og börn að leik, getur ýtt undir skilning allra foreldra. Hér fyrir neðan eru hugmyndir að upplýsingalista sem skólinn getur stuðst við:

Upplýsingar sem foreldrar veita skóla:

- Almennar hagnýtar upplýsingar, vinnustaðir foreldra, símanúmer o.s.frv.
- Heilsufar barns og skapgerð.
- Matarræði, ofnæmi o.s.frv.
- Hvað finnst barninu skemmtilegast að gera, erfiðast?
- Leikfélagar, þekkir barnið einhvern í skólanum?
- Viðhorf foreldra til útiveru.
- Má barnið fara í kirkju?
- Upprunaland móður.
- Upprunaland föður.
- Hvar er barnið fætt?
- Fjölskyldugerð (á barnið systkini?)
- Á barnið afa og ömmu og hvar búa þau.
- Hvað er barnið kallað heima – hefur nafn barnsins sérstaka merkingu?
- Gott er að fá upplýsingar um fyrri dagvistun.
- Hvaða tungumál eru töluð á heimilinu?
- Hvaða tungumál talar barnið?
- Hvaða tungumál talar móðir við barnið?
- Hvaða tungumál talar faðir við barnið?
- Hvaða tungumál tala foreldrar hvort við annað?
- Tala foreldrar íslensku?
- Vilja foreldrar túlk og ef svo er vilja þeir velja hann sjálfir?
- **Trúarbrögð, trúarlegar hátíðir**
- Menning og siðir tengd trúarbrögðum, t.d. matarræði.
- Eru einhverjar venjur tengdar menningu eða trú sem foreldrar telja að skipti máli í skólastarfinu?
- Vilja foreldrar að haldið sé uppá hátíðisdaga sem tengjast menningu og trú?

- Væntingar til skóla?
- Kennarar óska eftir því að kynnast menningu foreldra til að auðga skólastarfið.
- Orðalisti. Geta foreldrar látið okkur fá orðasafn yfir t.d. að bjóða góðan dag, velkomin, gleðileg jól, telja upp að tíu og annað sem starfsfólk getur notað til að gera móðurmál barnsins sýnilegra í skólanum.

Áætlun um hvað skuli gera ef slys verður á skólatíma

Óhöpp/slys Í barnahópi geta alltaf orðið óhöpp eða slys. Ef slíkt kemur fyrir er strax haft samband við foreldra og/eða farið með barnið á slysadeild ef þarf.

Neyðarsími er 112 og síminn á læknavaktinni er 1700. Símanúmer á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða 450-4500 ef þanta þarf tíma hjá lækni.

Viðbrögð við slysum

- Beitið fyrstu hjálp og látið hringja á sjúkrahús ef um alvarlegt slys er að ræða.
- Yfirgefið ekki þann slasaða, sendið heldur eftir aðstoð. Reynið að hlúa að hinum slasaða eftir því sem hægt er.
- Verið yfirveguð og bregðast fúmlaust og örugglega við aðstæðum.
- Ef farið er með barn til læknis ber að hringja í foreldra/forráðamann og látið vita.

Slysaskráning

Sérstök eyðublöð eru til sem fylla á út þegar um slys er að ræða bæði hjá börnum og kennara. Kennari sem kann að verða vitni að slysinu fyllir út eyðublaðið sem síðan er varðveitt í þar til gerðri möppu hjá leikskólastjóra. Kennari sem verður fyrir slysi, fyllir út slysaskráningarblað.

Lokaorð

Þegar undirrituð fór að huga að lokaorðum og las yfir þau frá fyrra ári eiga þau við líkt og þau séu rituð í dag og í raun eingu við að bæta. Það er að segja hugleiðingar mínar eru þær sömu og framkvæmdir við skólann sem svo miklar vonir voru bundnar til að yrðu framkvæmdar, en allt er við það sama þegar þetta er ritað og eru þau hér nánast óbreytt.

Leikskólinn Eyrarskjól er að hefja sitt 35. starfsár hefur verið rekinn af Hjallastefnunni frá 1. ágúst 2014 og er fullgildur Hjallastefnuskóli. Mikil ánægja er meðal starfsfólks og foreldra með stefnuna í starfi skólans honum til heilla. Starfsfólk Eyrarskjóls er metnaðarfullt og áhugasamt um að vinna að heilindum og gleði börnum, foreldrum, nærsamfélagi sínu og skóla sínum til heilla og mun svo vera næsta skóla ár.

Næsta starfsár eins og það síðasta verða áfram yngri börn á Eyrarskjóli og verður að segjast að hvorki húsnæðið né lóð skólans séu í stakk búin til að takast á við það verkefni og koma það fram á síðasta starfsári eins og kemur fram í ársskýrslu fyrir skólann fyrir 2017 - 2018. Það er mín sterkasta von að yfirvöld bæjarins líti til þess hluta sem er afar mikilvægur í starfsemi skólans og gerðar verði þær umbætur sem lengi hefur staðið til að framkvæma. Það má ekki dragast mikið lengur skólanum og starfssemi hans til heilla.

29. ágúst 2018

Guðríður Guja

Leikskólastjóri